

57. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, mánudaginn 18. nóvember 2024, kl. 16:30.

Fundinn sátu:

Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, og Kristófer Arnfjörð Tómasson. Benedikt Skúlason boðaði forföll.

Fundargerð ritaði: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. Hönnun útisvæðis sundlaugar Reykholti - 2301060

Fundargerð 7. hönnunarfundar sem haldinn var 22.10.2024

Fundargerð 8. hönnunarfundar sem haldinn var 05.11.2024

Fundargerðirnar voru lagðar fram til kynningar.

1. Borgarrími gatnagerð 3 áfangi (lóðir 16-22) - 2401061

Verkfundargerð, 3. áfangi 24. fundur

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

2. Endurnýjun fráveitu Laugarvatni 3. áfangi - 2310009

Fundargerð 5. verkfundar, haldinn 31.10.2024 (3. áfangi)

Fundargerðin var lögð fram til kynningar.

3. Rýmisþörf leikskólans Álfaborgar - 2405033

Greining á rýmisþörf leikskólans Álfaborgar.

Tillaga um að innskotum (2) verði lokað og þar gerð leik- og hvíldarrými, auk þess sem sett verði upp vagnageymsla við leikskólann.

Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að tveimur innskotum á leikskólanum verði lokað og þar gerð leik- og hvíldarrými. Auk þess verði sett upp vagnageymsla við leikskólann, en þetta haustið hafa að jafnaði verið um tíu barnavagnar í anddyri leikskólans, sem þrengja mjög að. VA-arkitektum verði falið að útfæra breytinguna og teikna vagnageymslu. Með þessu bætast við húsakost leikskólans tvö rými, um 15 fermetrar hvort. Framkvæmda- og veitunefnd leggur einnig til við sveitarstjórn að VA-arkitektum verði falið að teikna vagnageymslu sem sett verði upp við leikskólann á Laugarvatni, enda er aðstaða þar ófullnægjandi.

4. Fjárhagsáætlun 2025 - 2408022

Fjárhagsáætlun vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu til kynningar.

Farið var yfir drög að rekstraráætlunum veitnanna.

5. Fjárhagsáætlun 2025 - 2408022

Fjárfestingaáætlun 2025

Farið var yfir drög að fjárfestingaáætlun.



6. Frágangur á jarðvegstípp við Spóastaði - 2310032

Erindi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 15.11.2024, varðandi frágang jarðvegstípps.

Bréfið var lagt fram.

7. Gjaldskrá Bláskógaveitu 2025 - 2411024


Gjaldskrá Bláskógaveitu 2025

Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir gjaldskrána og vísar henni til sveitarstjórnar til afgreiðslu.


Fundi slitið kl. 17:35.



Stefanía Hákonardóttir




Helgi Kjartansson



Jón Forni Snæbjörnsson



Ásta Stefánsdóttir



Kristófer Arnfjörð Tómasson